



# Árspaning SSNE 2026

Haldið rafrænt á Teams þann 26. mars 2026

## Ályktanir Ársþings SSNE 2026

- Árspaning SSNE áréttar að samgönguáætlun er eitt mikilvægasta byggðatæki ríkisins og að forgangsroðun og fjármögnun verði að endurspeglar markmið um jafnræði, byggðapróun og umferðaröryggi.** Árspaning SSNE fagnar því að greinilega er horft til Samgöngu- og innviðastefnu SSNE í þeirri Samgönguáætlun sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Árspaningið vill þó skora á Alþingi að færa fleiri brýn verkefni á Norðurlandi eystra inn á fyrsta tímabil aðgerðaráætlunar, tryggja aukið fjármagn til vetrarþjónustu og Vegagerðin sjái alfarið um að þjónusta helmingamokstursvegina, þar á meðal alla vetrarþjónustu, stytta ferðatíma milli borganna tveggja, og hraða úrbótum í tengslum við umferðaröryggi og malbikun vega.
- Árspaning SSNE ítrekar ályktun sína frá haustþingi 2025 og hvetur stjórnvöld til að vinna skýrar að nýtingu þeirra stóru tækifæra sem felast í millilandaflugi um Akureyrarflugvöll.** Árspaning SSNE leggur áherslu á að flugþróunarsjóður verði áfram eflur með auknu fjármagni og þróun á reglum hans, auk þess að völlurinn verði þróaður sem öflugur flugvöllur fyrir bæði farþega- og fraktflug með áframhaldandi uppbyggingu aðstöðu á flugvöllinum. Með eflingu flugs um Akureyri skapast ný tækifæri fyrir ferðaþjónustu, útflutning, erlendar fjárfestingar á Íslandi og tengsl við alþjóðamarkaði sem nýtast landinu öllu. Árspaning SSNE ítrekar mikilvægi þess að haldið verði áfram með uppbyggingu flugvallarins, stækkun flugstöðvarinnar og uppsetningu aðflugsljósa sem allra fyrst. Þá ítrekar Árspaning SSNE þá afstöðu sína að skipa eigi sérstaka stjórn fyrir Akureyrarflugvöll sem setur honum stefnu til framtíðar. Hlutverk stjórnarinnar væri að byggja upp alþjóðaflugvöllinn sem aðra gátt inn í landið; byggja upp nauðsynlega innviði vallarins, tryggja samkeppnishæfni og hafa leiðandi hlutverk í markaðssetningu hans í samstarfi við hagsmunaaðila í gegnum Markaðsstofu Norðurlands og Íslandsstofu.

3. **Árþing SSNE leggur mikla áherslu á að hraða uppbyggingu flutningskerfis raforku á Norðurlandi eystra til að tryggja fullnægjandi afhendingaröryggi fyrir núverandi og framtíðaruppbyggingu atvinnulífs.** Árþing SSNE skorar á stjórnvöld og Landsnet að flýta eins og hægt er þeim úrbótum sem nauðsynlegar eru til að tryggja örugga og stöðuga afhendingu raforku á helstu iðnaðarsvæðum landshlutans og skapa þannig skýrar forsendur fyrir nýsköpun, orkutengda starfsemi og fjölbreytta atvinnuuppbyggingu
4. **Árþing SSNE leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) fái þann stuðning ríkisvaldsins sem nauðsynlegur er til að tryggja örugga mönnun, traustan rekstrargrundvöll, fullnægjandi húsnæði og búnað til framtíðar.** Á SAk starfar öflugur hópur fagfólks sem hefur sinnt samfélaginu með mikilli fagmennsku og ábyrgð. Áskoranir í mönnun, rekstri og húsnæði eru þó verulegar og ekki lengur unnt að bíða með að bregðast við þeim. Árþingið fagnar því að unnið sé að heildarendurskoðun á hlutverki og þjónustu SAk, auk sérstakrar greiningar á rekstri, og að undirbúningur viðbyggingar sé kominn að framkvæmdastigi. Mikilvægt er að þessi vinna skili skýrri framtíðarsýn, raunsæjum áætlunum og tryggri fjármögnun. Þingið undirstrikar að SAk sé hornsteinn samfélags á Norðurlandi eystra og mikilvægur hluti íslenska heilbrigðiskerfisins, m.a. sem varasjúkrahús landsins. Til að blása til sóknar í atvinnu- og mannlífi á svæðinu er óhjákvæmilegt að rekstur og uppbygging SAk standi traustum fótum.
5. **Árþing SSNE undirstrikar mikilvægi Háskólans á Akureyri sem lykilstoðar í byggðalegu samhengi.** Hann er burðarás í að tryggja aðgang að hágæða háskólamenntun á landsbyggðinni, styður við fjölbreytt atvinnulíf og laðar að bæði sérfræðinga og nemendur sem styrkja samfélög á Norðurlandi eystra og á landinu öllu. Árþing SSNE telur jafnframt brýnt að viðurkenna mikilvægi öflugs og sjálfstæðs háskólatengds rannsóknarsamfélags á landsbyggðinni, þar sem rannsóknir og þekkingarsköpun eru mikilvægir drifkraftar atvinnuþróunar, nýsköpunar og stefnumótunar. Háskólinn á Akureyri hefur í nær fjóra áratugi verið lykilmáttur í því að hækka menntunarstig á landsbyggðinni og hefur alla burði til að byggja upp þekkingarsamfélag sem styður við fjölbreyttara atvinnulíf á landsvísu.
6. **Árþing SSNE fagnar boðuðu byggðamati innviðaráðherra við undirbúning lagafrumvarpa, opinbera stefnumótun og áætlanagerð og telur afar mikilvægt að slíku mati sé komið á.** Árþing telur þó ástæðu til að ganga lengra og skorar á ríkisstjórnina að bæta verkferla stjórnsýslunnar þannig að alltaf sé minnt á landsbyggðina í allri ákvarðanatöku, t.a.m. við skipan stjórna og nefnda opinberra aðila.
7. **Árþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) lýsir áhyggjum af hugmyndum innviðaráðherra um að fella niður línuívilnun og skel- og rækjubætur, enda þurftu þeir sem fengu leyfi til rækju- og skelveiða að leggja inn veiðheimildir í bolfiski á mótí.** Árþingið telur að þessar ívilnanir skipti verulegu máli fyrir rekstrargrundvöll líftilla og

meðalstórra útgerða og fiskvinnslu á Norðurlandi eystra og að afnám þeirra geti haft neikvæð áhrif á atvinnulíf, byggðafestu og tekjustofna sveitarfélaga á svæðinu. SSNE hafnar því mati að áhrif breytinganna á sveitarfélög verði óveruleg og bendir á mikilvægi stöðugleika og fyrirsjáanleika í regluverki sjávarútvegs, til að styðja við fjárfestingar og fjölbreytt atvinnulíf um allt land. Ársþing SSNE skorar á ríkisstjórn og Alþingi að endurskoða frumvarpið, tryggja virkt samráð við sveitarfélög og atvinnulíf og sjá til þess að breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu styðji áfram við byggðafestu og samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra útgerða.

- 8. Ársþing SSNE tekur undir bókun bæjarráðs Akureyrarbæjar frá 26. mars og lýsir yfir miklum áhyggjum af þeirri þjónustuskerðingu sem orðið hefur á Akureyrarflugvelli í kjölfar þess að LOC/ASR 01 aðflug var lagt af.** Sú ákvörðun hefur neikvæð áhrif á rekstraröryggi Norlandair, sem hefur aðsetur á Akureyri, auk innanlandsflugs Icelandair. Öruggt og áreiðanlegt innanlandsflug er mikilvæg forsenda virkrar landsbyggðarstefnu og skiptir miklu fyrir atvinnulíf, búsetu og heilbrigðisþjónustu. Að mati Ársþings SSNE er það óskiljanlegt að slíkt ástand sé uppi á sama tíma og unnið er markvisst að uppbyggingu flugvallarins. Ársþing SSNE hvetur stjórnvöld til að grípa til allra þeirra aðgerða sem í þeirra valdi standa til að draga úr áhrifum þessarar ákvörðunar.